





DEILISKIPULAG BREIÐDALSVÍK
LÓÐ FYRIR AÐVEITUSTÖÐ RARIK



DEILISKIPULAGSUPDRÁTTUR Í MAÍ. 2018, 1:1000



SKURÐUR A-A, 1:1000

Staðsetning deiliskipulags í aðalskipulagi



YFIRLIT - Hluti aðalskipulags Breiðdalsvíkur 1983-2003 með breytingu dags. 8.2.2018

Skýringar:

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Mörk byggingarreits
- Þorpsgröðing
- Núverandi hús
- Stærð lóðar í m²
- Þekktar minjar

Greinargerð.

Markmið þessa deiliskipulags er að skilgreina lóð fyrir aðveitustöð Rarik.

Deiliskipulagið er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi dags. 8.2.2018.

Milli lóðarinnar og byggðarinnar á Breiðdalsvík er klapparás sem nefnist Hellur og er lóðin vestanvert í honum á svæði sem hefur verið sléttað.

Á svæðinu skiptist að öðru leyti á urð, klappir og lyng-, mosa- og kjarrgróður.

Aðkomuvegur að lóðinni fylgir að mestu leyti vegslóða sem lagður hefur verið inn á svæðið meðfram þorpsgröðingu og er reiknað með að hann þjóni öðrum lóðum á svæðinu síðar.

Stöðin er miðuð við 33 kílóvolta spennu og er hámarks-hæð hennar tilgreind í byggingarskilmálum.

Engar loftlínur verða við stöðina og verða rafstrengir að og frá henni þræddir grunnt í jörð með tiltölulega litlu jarðraski.

Frárennsli frá stöðinni er mjög lítið og verður um rotþró innan byggingarreits.

Umhverfisáhrif af stöðinni verða því mjög lítil umfram sjónræn áhrif af húsinu sjálfu.

Ekki er kunnugt um fornleifar á svæðinu utan þeirra sem auðkenndar eru á uppdrætti en í ljósi þess að mestur hluti framkvæmda verður á þegar röskuðu landi er ólíklegt að minjum verði spilt. Komi hins vegar annað í ljós verður gripið til viðeigandi ráðstafana í samráði við Minjastofnun. Gert er ráð fyrir einni innkeyrslu að lóð frá vegi og er heimilt að færa hana til ef henta þykir. Byggingarreitur er afmarkaður á lóðinni.

Byggingarskilmálar:

Á lóðinni skal reisa aðveitustöð með tilheyrandi búnaði. Húsið skal standa innan byggingarreits en þarf ekki að snerta útlínur hans.

Brautir fyrir spenna mega vera utan byggingarreits en þó ekki nær lóðarmörkum en 5m.

Hæð á aðalgólfi skal vera 30-80 cm hærrí en götuhæð við innkeyrslu.

Mesta hæð húss má vera 7,0 m yfir aðalgólfi, mænistefna frjáls.

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um byggingarefni.

Nýtingarhlutfall má vera allt að 0,25.

Deiliskipulagstillaga þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Breiðdalshrepps þann 14.5.2018.

Elis Þ. Einarsson
BYGGINGAUFULLTRÚ
f.h. skipulagsnefndar Breiðdalshrepps
og í sveitarstjórn Breiðdalshrepps þann 14.5.2018

Sif Hauksdóttir
f.h. sveitarstjórna Breiðdalshrepps
Kt. 480169-0770
með athugasemdarfestu 15.3.2018
16.03.2018

Tillagan var auglýst og greindarkynt frá 15.3.2018
með athugasemdarfestu 24.4.2018
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20

DEILISKIPULAG
BREIÐDALSVÍK
LÓÐ FYRIR AÐVEITUSTÖÐ RARIK

DEILISKIPULAGSUPDRÁTTUR
MKV: 1:1000
ÚTGÁFA DAGS. 9. MAÍ. 2018
VERKNÚMÉR 1801

BLADSTÆRD: A2
TEIKN. NR. 0.01



HELGI HAFLIÐASON, ARKITEKT FAÍ
STUÐLASELI 44, 109 REYKJAVÍK, sími og fax: 552 2149
kt. 020341-2979, netfang: helgih@simnet.is